



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 25. nóvember 2021

Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga
Undantekningarákvæði vegna félagaskipta í tengslum við fæðingarorlof kvenleikmanna

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ þann 23. nóvember sl. samþykkti stjórn að bæta tveimur greinum við ákvæði 10 um félagaskipti í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Um er að ræða greinar sem hafa að geyma undantekningarheimildir vegna félagaskipta í tengslum við fæðingarorlof kvenleikmanna.

Hér að aftan er að finna þau nýju ákvæði sem bætt var við reglugerðina ásamt greinargerð um breytingarnar:

REGLUGERÐ KSÍ
um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

Ný ákvæði 10.4 og 10.5:

- 10.4 Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. er heimilt að samþykkja félagaskipti kvenleikmanns utan félagaskiptatímabila þegar um er að ræða leikmann sem ætlað er að fylla skarð samningsbundins kvenleikmanns í fæðingarorlofi. Gildistími samnings við viðkomandi leikmann, sem ætlað er að fylla skarð samningsbundins leikmanns í fæðingarorlofi, skal, nema um annað sé samið, vera frá skráningardegi félagaskipta fram að næsta degi áður en næsta félagaskiptatímabil hefst, eftir endurkomu leikmanns úr fæðingarorlofi.
- 10.5 Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. er heimilt að samþykkja félagaskipti kvenleikmanns utan félagaskiptatímabila þegar um er að ræða kvenleikmann sem er að hefja æfingar og keppni aftur eftir að hafa lokið fæðingarorlofi og er á þeim tíma samningslaus og þannig frjálst að hafa félagaskipti.

Greinargerð:

Á fundi stjórnar KSÍ þann 9. september sl. samþykkti stjórn breytingar á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, þar sem m.a. ákvæði um sérstök réttindi kvenleikmanna vegna fæðingarorlofs voru innleidd í 19. gr. reglugerðarinnar. Um ræðir ákvæði sem eiga sér stoð í reglugerð FIFA um stöðu og félagaskipti leikmanna (FIFA regulations on the status and transfer of players) og komu inn í þá reglugerð í upphafi árs 2021. Ákvæðin eru skyldubundin fyrir aðildarsambönd FIFA, þ.á m. KSÍ, og verða því að vera í reglugerðum sambandsins.

Auk þeirra reglna sem þegar hafa verið innleiddar í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga er varða fæðingarorlof kvenleikmanna er að finna í reglugerð FIFA ákvæði í a. og b. lið 6. gr. reglugerðarinnar þar sem kveðið er á um undantekningarheimildir í tengslum við félagaskipti tengdum fæðingarorlofi kvenleikmanna. Þessi ákvæði FIFA reglugerðarinnar eru jafnframt skyldubundin fyrir aðildarsambönd FIFA.

Annars vegar er um að ræða þá undantekningu að heimilt sé, utan félagaskiptatímabila, að samþykkja félagaskipti kvenleikmanns sem ætlað er að leysa af hólmi samningsbundinn leikmann í fæðingarorlofi. Hins vegar er um að ræða þá undantekningu að heimilt sé að samþykkja félagaskipti leikmanns sem er að ljúka fæðingarorlofi, að því gefnu að viðkomandi leikmaður sé samningslaus, þ.e. sé ekki samningsbundinn öðru félagi.

Hefur stjórn KSÍ nú samþykkt að þessar reglur verði jafnframt innleiddar í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga undir 10. gr. um félagaskipti, n.t.t í undirgreinum 10.4 og 10.5.

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ hefur þegar í eitt skipti heimilað félagaskipti utan félagaskiptaglugga á grundvelli a. liðar 6. gr. framangreindrar FIFA reglugerðar um stöðu og félagaskipti leikmanna.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

Kolbrún Arnardóttir

Kolbrún Arnardóttir,
lögfræðingur hjá KSÍ